

Efnamóttakan hf
Berghellu 1
221 Hafnarfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 11. janúar 2016
UST201511-023/S.P.
08.14.01

Niðurfelling starfsleyfis – Efnamóttakan hf. Gufunesvegi

Vísað er til erindis Efnamóttökunnar hf., kt. 691298-2729, dags. 31. október 2015, þar sem óskað er eftir því að Umhverfisstofnun felli niður starfsleyfi Efnamóttökunnar hf. Gufunesvegi frá 28. maí 2004. Rekstraraðili hefur þegar skilað lóðinni á Gufunesvegi til eigenda sinna án athugasemda og hefur Umhverfisstofnun haft samband við eigendur því til staðfestingar.


Umhverfisstofnun lítur svo á að um sé að ræða tilkynningu um varanlega rekstrarstöðvun skv. gr. 1.7 í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun tilkynnir hér með að framangreint starfsleyfi er fellt úr gildi. Auglýsing um niðurfellinguna mun birtast í Stjórnartíðindum á næstu dögum.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er hægt að vísa til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. VII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um málsmeðferð, aðild og kærufrest fer eftir lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.

Virðingarfyllst


Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri